

Sigurður Greipsson (1897-1985)



Sigurður fæddist 22. ágúst 1897 í Haukadal, sonur Greips Sigurðssonar (1855-1910) og Katrínar Guðmundsdóttur (1856-1940). Hann var íþróttagarpur og frumkvöðull í íþróttaskólastarfi og ferðaþjónustu í Haukadal ásamt konu sinni Sigrúnu Bjarnadóttur (1903-1979) frá Bóli. Hann hafði mikið skap og líkti því sjálfur við Geysi, það gysi upp líkt og Geysir en fjaraði jafnharðan út.

Sigurður sýndi snemma áhuga á íþróttum og sérstaklega glímu. Hann fór í Flensborgarskóla 1913 og stundaði þar þriggja ára nám. Þar gat hann sér strax gott orð sem glímukappi undir leiðsögn Bjarna Bjarnasonar, síðar skólastjóra að Laugarvatni. Atti hann meðal annars lengi kappi við skólafélaga sinn Stefán Diðriksson (1892-1957) síðar bónda að Minni-Borg.¹ Eftir Flensborgarskóla lá leiðin í búfræðinám að Hólum í Hjaltadal. Eftir að hafa verið farkennari heima í Biskupstungum 1917-19² lá leiðin út til Noregs til frekara náms. Var Sigurður þar samtíða Þorsteini Sigurðssyni á Vatnsleysu, Jóni Sigurðssyni (1899-1990) í Hrepphólum og Helga Kjartanssyni (1895-1977) í Hruna í vist hjá Jens Gausland í Rogalandi. Fór Sigurður svo í lýðháskólann í Voss í Vestur-Noregi í einn vetur.³ Utanferðum hans og námi var þó ekki lokið því að eftir glímusýningarferðir til Noregs og Danmerkur 1925-26 skráir hann sig í Fimleikalýðháskólann í Ollerup í Danmörku 1926-27.⁴

Á þessum árum stundaði Sigurður landbúnaðarstörf og kennslu í uppsveitunum auk starfa við ungmennafélögin og Íþróttasambandið Skarphéðin, síðar Héraðssambandið Skarphéðinn. Hann var á hátindi glímufेरils síns og 1922-26 sigraði hann Íslandsglímuna og hætti ósigraður.⁵ Sigurður var harðskeyttur krafta- og kappsmaður með góða mýkt og viljastyrkur hans var meiri en flestra. Hann var sagður þaulhugsa hverja glímu fyrirfram

eftir því hver mótherjinn var.⁶ Sigurður gat sér líka gott orð í fleiri íþróttum og varð til að mynda Íslandsmeistari 1923 í kúluvarpi. Sigurður var valinn formaður Íþróttasambandsins Skarphéðinn 1921-22 og tók þar við af Eiríki Jónssyni í Vorsabæ. Sigurður tók svo við formennsku Héraðssambandsins Skarphéðins 1922 og gegndi henni til 1966 eða í 45 ár og átti þar meðal annars þátt í að endurvekja Landsmót ungmennafélaganna.⁷

Sigurður reisti íþróttaskóla í Haukadal 1927. Hann hafði þá þegar reynslu af bæði far- og íþróttakennslu. Kenndi hann sjálfur íþróttir, íþróttasögu og heilsufræði en fékk kennara til að kenna bóklegar greinar. Sagði hann við nemendur að höfuðmarkmiðið væri „mannrækt, heilbrigð sál í hraustum líkama. Gangið uppréttir. Trúið því að aukið þrek, sem kemur með þjálfun, eykur sjálfstraust en það er ungum mönnum, og raunar öllum, mikils virði.“⁸ Á meðal margra kennara sem störfuðu við skólann má nefna sr. Guðmund Óla Ólafsson, Gils Guðmundsson rithöfund og Arnór Karlsson bónda.⁹ Með mikilli elju byggði hann upp skólann og eftir að þau Sigrún giftust 1932 byggðu þau upp og ráku mikla starfsemi sem fól í sér hótél ásamt margvíslegri þjónustu við ferðamenn. Einnig byggðu þau garðyrkjustöð ásamt því að stunda hefðbundinn búskap við Geysi í Haukadal.

Sigrún þótti dugnaðarforkur og sá til að mynda um alla matseld fyrir skólann og hótelið. Fjögur börn þeirra Sigurðar komast til fullorðinsáranna, þeir Bjarni (f. 1935), Greipur (1938-1990), Þórir (f. 1939) og Már (f. 1945) og líkt og faðirinn gátu þeir sér orð fyrir glímufærni.¹⁰

Haukadalsskólinn var feikivel sóttur um tíma og varði starfsemi hans allt til ársins 1970. Einungis var mönnum ein kennarastaða hvert kennsluár og svo kom að því að Sigurður tók að lýjast. Skipulag og endurbygging skólans var ekki með þeim hætti að aðrir gætu tekið við keflinu úr hendi hans og keppt áfram við aðra skóla sem þá sópuðu til sín unga fólkinu og skiluðu því frá sér með prófgráður sem því réttindi til seinni nota.¹¹ Þar höfðu þó stundað nám margir einstaklingar sem settu svip sinn á uppsveitirnar svo sem Gísli Einarsson (f. 1932) í Kjarnholtum Biskupstungum og Sigurður Sigurmundsson (1915-1999) í Hvítárholti Hrunamannahreppi.

Sigurður Greipsson barðist við að halda í búskap svo lengi sem hann gat því annað væri „uppgjöf við lífið“ og mætti á landsmót ungmennafélaganna allt til 1984 þegar það var haldið í Keflavík. Hann skjalfesti ýmis minningarbrott síðustu árin til varðveislu en 5. janúar 1985 brann íbúðarhúsið í Haukadal ásamt flestum persónulegum eignum hans. Sigurður bjargaðist naumlega og andaðist á Sjúkrahúsi Suðurlands 19. júlí síðar sama ár.

Heimildir:

Myndin af Sigurði Greipssyni er varðveitt á Héraðsskjalasafni Árnesinga. Ljósmyndari ókunnur.

Páll Lýðsson. *Sigurður Greipsson og Haukadalskólinn. Páll Lýðsson tók saman. Jón M. Ívarsson samdi nemendatal.* Selfoss, 1997.

Páll Sigurðsson. *Úr förum Fljótamanns. Minningar, þættir og þjóðlegur fróðleikur eftir Pál Sigurðsson frá Lundi. Gefið út í tilefni 100 ára fæðingarársmælis Páls 3. júní 1904.* Ritstj. Hjalti Pálsson sá um útgáfuna. *Skagfirsk fræði.* Sauðárkrókur, 2004.

Þorsteinn Sigurðsson. „Sigurður Greipsson og Haukadalskólinn“. *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík III.* Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 74-89.

- ¹ Páll Lýðsson. *Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn. Páll Lýðsson tók saman. Jón M. Ívarsson samdi nemendatal.* Selfoss, 1997. Bls. 20-21.
- ² Sama heimild. Bls. 24.
- ³ Sama heimild. Bls. 26, 30.
- ⁴ Sama heimild. Bls. 49-56.
- ⁵ Sama heimild. Bls. 36-39.
- ⁶ Þorsteinn Sigurðsson. „Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík III.* Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 81 í 74-89.
- ⁷ Páll Lýðsson. *Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn. Páll Lýðsson tók saman. Jón M. Ívarsson samdi nemendatal.* Selfoss, 1997. Bls. 58-60, 163; Þorsteinn Sigurðsson. „Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík III.* Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 81 í 74-89.
- ⁸ Páll Sigurðsson. *Úr fórum Fljótamanns. Minningar, þættir og hjóðlegur fróðleikur eftir Pál Sigurðsson frá Lundi. Gefið út í tilefni 100 ára fæðingaraðmælis Páls 3. júní 1904.* ritstj. Hjalti Pálsson sá um útgáfuna, *Skagfirsk fræði.* Sauðárkrókur, 2004. Bls. 93.
- ⁹ Þorsteinn Sigurðsson. „Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík III.* Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 83-84 í 74-89.
- ¹⁰ Páll Lýðsson. *Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn. Páll Lýðsson tók saman. Jón M. Ívarsson samdi nemendatal.* Selfoss, 1997. Bls. 125-28.
- ¹¹ Sama heimild. Bls. 90-93.